



Dagskrá sjómannadagshelgarinnar í Grundarfirði 2015

Fimmtudagur 4. júní

Kl. 19:00 Leirdúfuskotmót á svæði Skotfélags skotgrundar keppni milli sjómanna og landmanna skráning hjá Jón Pétri í síma 863-1718.

Föstudagur 5. júní

Kl. 17:30 Golfmót í boði G.Run. Keppt verður með vanur/óvanur fyrirkomulagi. Skráning á golf.is eða hjá Gústa í síma 863-3138.

Laugardagur 6. júní

Kl. 10:30 Krakkasprell í sundlaug Grundarfjarðar, frítt í sund fyrir börnin í boði Grundarfjarðabæjar, boðið verður uppá koddaslag og annað stuð fyrir krakkana. Foreldrar barna undir 10 ára aldri verða að fylgja börnunum, en þurfa ekki að fara ofan í. Foreldrar hvattir til að mæta og standa á bakkanum og hvetja börnin.

Kl. 13:00 Skemmtisigling í boði útgerða bæjarins.

Kl. 14:00 Grillaðar pulsar í boði Samkaupa og Svali í boði Láka Hafnarkaffi. Að grilli loknu hefst keppni á bryggjunni í nokkrum skemmtilegum greinum, fjóra þarf í hvert lið og eru fyrirtæki hvött til að senda lið. Athugið að það ÞARF EKKI að vera vanur sjómaður til að keppa. Endilega safnið saman í lið og gerum þetta sem skemmtilegast. Einnig verður keppt í reiptogi um Pétursbikarinn sem lið Bjarna Jónssonar hefur unnið síðastliðin 2 ár og ætlar ekki að gefa hann svo auðveldlega frá sér. Skráning er hjá Jóni Frímanni í síma 693-4749.

Kl. 15:00 Áætlað að þýrla Landhelgisgæslunnar komi og sýni okkur listir sínar, en munum að það er alltaf með fyrirvara að áhöfnin sé ekki í öðrum verkefnum. Knattspyrnuleikur á sparkvellingnum að lokinni þýrlusýningu, sjómenn skora á strandveiðimenn í kappleik.

Sjómannadagurinn 7. júní

Kl. 14:00 Messa og heiðrun í Grundarfjarðarkirkju. Karlakórinn Kári syngur.

Kl. 15:00 Kaffisala Kvenfélagsins Gleym mér ei í samkomuhúsi Grundarfjarðar.

*Hlökkum til að sjá bæjarbúa koma og taka þátt með okkur
Sjómannadagsráð*